

Fundur 10.5.2021 Jónas Jónasson.

Komið þið sælir.

Já komdu blessaður, velkominn.

Gaman að heyra í ykkur.

Fann ég hugsað til mín og okkar í fjölskyldunni og vona ég að ég geti staldrað við örlitla stund og má ég þó ekki staldra lengi því hér er eitt samband sem bíður.

Fjölmarginn var það sem ég lærði á jörðinni gömlu og fjölmarginn var það sem ég starfaði við en tók ég ekki nógu oft fram Nýalinn minn gamla.

Átti ég slíka bók og kom það fyrir að ég gluggaði í hann og fannst mér þar margt stórmerkilegt og furðulegt en fannst mér það svo á skjön við margt annað sem ég hafði um þessi efni lesið og kynnt mér.

Að ekki gat ég að fullu verið sannfærður um öll þau atriði sem þar komu fram. Engu að síður varð mér það ljóst að athyglisgáfa dr. Helga Pjeturss var með eindæmum góð og rökfastur var hann og er.

Og var ég oft að vonast til þess að vísindamenn jarðarinnar veittu þessu athygli, því í mér brann sú spurn hvort mögulegt væri að staðfesta eitthvað af þessu með tilraunum.

Og það var þó ekki gert meðan ég var á lífi meðal ykkar, en hver veit hvað gerist á næstunni, það er ekkert útilokað í þeim efnum.

Hef ég alltaf verið hneigður að listum og hér í framlífi hef ég aftur tekið til við þá iðju að leikstýra og setja saman leikþælti og sinna ýmsu sem því er tengt.

Og hef ég þó eins og á jörðinni dundað við ýmislegt annað síðan ég hingað kom.

Og er ég ekki fjarri því að dóttir mín eða aðrir starfsmenn míns gamla vinnustaðar muni vera opnir fyrir kenningum dr. Helga Pjeturss og vilja fjalla um þau efni.

En það þarf að setja það í rétta umgjörð og flétta það inn í dægurmál númtímans á þann hátt sem okkar starfsstétt hefur lært og tileinkað sér.

Og væri það ánægjulegt ef mínir gömlu samstarfsmenn fengju hugskeyti og fengju áhuga á þessum málum.

Þar sem það má með sannni segja að ég hafi fengið hugljómun er ég kom hingað yfir og séð eftir að hafa ekki kynnt mér rit dr. Helga til fullnustu og tekið afstöðu, einarða afstöðu í

Þessu máli, því ég hafði vissulega það sem kalla mætti undirstöðu hrifningu á þessari framsetningu og kenningu.

En lét það nú ekki leiða mig lengra.

Þú ert einn af okkar góðu leikurum?

Hvað segir þú?

Ert þú einn af okkar gömlu og góðu leikurum?

Já ég er, hef sitt hvað sinnt því, það er rétt.

Þú ert Jónas er það ekki Jónasson?

Já, já, það er rétt, það er rétt.

Það var nú einmitt faðir þinn sem okkur langaði að heyra í sérstaklega, sem við óskuðum eftir, hvað er að fréttu af honum?

Já, hann hefur nú, ég held nú að hann hafi nú verið svo ákveðinn í þessu, hefur kannski haft áhrif á mig til þess að vera meiri spíritisti.

Það er allt gott af honum að fréttu og við höfum báðir haft annan fótinn hér í stjörnusambands-stöðvunum og sömuleiðis í hefðbundnum fjölmiðlum hér á þessum hnetti á þessu landi.

Já, já.

Hann, hann, já ég held að það verði verkefni fyrir ykkur næst þegar þegar fundur verði haldinn að hann geti komið í gegn en þetta samband mitt geti verið undanfari þess að hann láti í sér heyra.

Jónas, ég hef ekkert á móti því að fá þig í sambandið og þakka þér fyrir að koma. Það er bara að ég er nýbúinn að lesa bækur eftir föður þinn, mjög góðar bækur og mig langaði að heyra hans viðbrögð þegar hann vaknaði allt í einu á jörð en ekki í andlegum heimi.

Já, já við fundum einhver áhrif, stilli áhrif og ég hafði komið áður, já við getum áreiðanlega komið því til leiðar en það var erfitt núna.

Já, já.

En við stefnum að því.

Ég var nú með einn af ykkar félögum í viðtali hjá mér, eitt sinn.

Ingvar Agnarsson?

Já, og ég tók fram bókina góðu eftir það viðtal og já hann faðir minn, hann hefur tekið þátt í fjölmörgu hér á þessum hnetti og hann er nú farinn að tala um að það fari nú að styttest hjá honum hérna vistin.

Mig grunaði það.

En það væri áhugavert að heyra í honum og hann gæti sagt frá ýmsu sem hann hefur tekið sér fyrir hendur.

Já það kom honum mjög á óvart að lenda hér á hnetti, en þegar hann tók á móti mér og fleiri ættingjar og þá var hann ekkert nema kærleikurinn og að fullu búinn að ná sér og jafna sig á þeim umskiptum og búinn að koma sér hér fyrir.

En ég verð nú að segja það að það er hérna svolítill sérvitringa hópur sem heldur í ýmsar spíritista- kenningar.

Jahá.

Það verður kannski fróðlegt, hann lýsir því best sjálfur.

Já, það verður spennandi og fróðlegt að heyra það.

Já, en áður en ég kveð ykkur vil ég segja frá því að það er ýmislegt sameiginlegt sem þessi stjörnusambandsstöð á með úrvarpsstarfinu.

Og það þarf að taka tillit til allskonar þátta, einstaklinga og óska þeirra og þarfa og möguleika á að tengja einstaklingana inn á þetta samband sem eru misgóðir.

Mundi ég gjarnan vilja leyfa ykkur að heyra fáein dægurlög sem ég hef sett saman í leikritum og slíkum tilefnum en það verður að bíða betri tíma.

Ragnar Bjarnason er nýbúinn að taka lagið.

Já og hann hefur gert það vel.

Já, já. Það var ánægjuleg skemmtun og það var heiður að heyra í þeim góða söngvara hingað nýkomnum, í einu slíku verki eftir mig.

Jæja, ég.

*Þakka þér fyrir að láta okkur vita að þú værir að gera góð lög.*

Ja, það kemur fyrir ef andinn kemur yfir mann eins og maður segir, ætli það sé ekki bara málið.

Ja eins og ég var vanur að segja, passið ykkur á myrkrinu.

*Jónas, ég hefði ekkert á móti því að þú myndir leiðbeina mér, af því ég hef nú aðeins verið að fást við þetta sjálfur.*

Hvað segir þú, fást við.

*Ég hefði ekkert á móti því ef þú gætir leiðbeint mér svolítið, því ég er að fást við þetta sjálfur.*

Já, þú ert að meina tónlistina.

*Já, svona texta og svoleiðis.*

Já, já, ég skil, það er hin besta iðja fyrir unga menn á öllum aldri.

Ert þú búinn að kynna þér eitthvað bragfræði og svoleiðis?

*Já, ég fer nú kannski frjáltslega í þetta svona.*

Já.

*Ég nota rímið meira sko.*

Hvað segir þú.

*Ég hef nú notað rímið soldið svona.*

Rímið já.

*Jú ég hefði nú svoldið gaman ef þú gætir leiðbeint mér, eitthvað sem ég er að gera.*

Já hugsaðu til mín, þá er aldrei að vita nema ég gæti lætt einni og einni hugmynd að þér.

*Já, já, ég þakka þér fyrir það.*

Annars skaltu vera óhræddur að leita til skálda til að aðstoða þig ef þú telur þig ekki sleipan í kvæðagerðinni.

*Ja, ég get ekki beint sagt að ég sé sleipur í þessu, maður svona reynir.*

Já, já, já, það er gaman að heyra að þú hafir þennan áhuga og hæfileika, þú hefur þá munað eftir einhverju sem ég gerði?

Já, jú jú, ég þarf nú að skoða það betur.

Já, já. Já einmitt.

Vor í Vaglaskógi er nú mikið flutt í ýmsum útsetningum.

Já, ég þakka fyrir.

Já, þetta er nú bæði þjálfun og innblástur eins og sagt er,

Já.

Og hérna ég var með svo mikið safn af tónlist í útvarpinu að mér fannst það nú óþarfi að búast við að ég gæti gert neitt betur.

En það vildi þannig til að þegar það voru ákveðnar krigumstæður sem kölluðu á þetta þá fann ég að þetta gekk upp.

Já, já.

Já, en ég er nokkuð bjartsýnn að pabbi komist í sambandið og vona ég einnig að ég geti ýtt á þau í útvarpinu að kynna þessi mál, vona ég að það gangi upp.

Kveð ég ykkur nú að sinni og vona að ég komist síðar.

Verið þið blessaðir og sælir.

Blessaður.

Þakka þér fyrir Jónas, blessaður.